

Heilbrigðari gripir

3

Þegar flórinn eru þrífinn reglulega haldast klaufirnar, júgrin og halinn hreinni.

Discovery 90 S og  
90 SW Flórgoðar

8

Flórgoði fyrir flóra með steinbitum.

Discovery 120  
Collector flórgoði

10

Flórgoði fyrir slétta flóra og flóra með steinbitum.

## Þrif á flórum

Lely Discovery



*Hraustari kýr, þökk sé fyrsta  
flokks hreinlæti í fjósinu*

[www.lely.com](http://www.lely.com)



*„Skítugar klaufir fara í taugarnar á mér því þær óhreinka básana.“*

**Etienne Simon**

**Saint-Germain-en-Coglès, Frakklandi**

„Við ákváðum að skipta út öllum okkar sköfum og fá okkur Discovery, því kýrnar voru alltaf að hoppa yfir gömlu sköfuna og þá óhreinkuðust fram- og afturfætturnir í hvert skipti sem skafan fór hjá. Það var mjög pirrandi, því ef klaufirnar eru óhreinar óhreinast básarnir líka. Það leynir sér ekki að núna eru klaufir gripanna mun hreinni. Afturfætturnir kleprast svolítið þegar kýrnar skíta en framfætturnir eru hreindir og þurrir.“

**Að bæta heilsufar gripanna er verk sem hefst niðri á gólfinu**

Þú veist að hreindir flórar skilar sér í hreinni klaufum, minni mykju á básunum og hreinni hölum og júgrum. Og þú veist líka að aukið hreinlæti kemur í veg fyrir klauf- og jógursýkingar vegna óhreininda og styður við heilbriggt og náttúrulegt atferli kúnna þinna. Um leið verður auðveldara að greina beiðsli og þannig má stytta tímann fram að næsta burði. Hraustar klaufir og heilbrigð júgur stuðla verulega að fjárhagslegri arðsemi kúabúsins.

Þegar flórar eru þrífir reglulega er komið í veg fyrir bakteríuvöxt og klaufirnar, júgrin og halinn haldast hreinni. Þetta bætir ekki aðeins klaufheilsuna heldur eykur heildarframleiðni hjarðarinnar.

Með nýjustu tækni er hægt að hreinsa flórana sjálfvirk. Sjálfvirku Lely Discovery flórgoðarnir hreinsa flórana á nóttu sem degi. Alsjálfvirkur flórgoðinn nær út í hvern krók og kima í fjósinu og eykur verulega hreinlæti á flórunum, í básunum og hjá gripunum.

***Snjall búrekstur stendur þér til boða***

## Fátt jafnast á við hreinan flór

Ef mjólkurkýrnar eru hraustar skila þær af sér meiri mjólk, þurfa minni umönnun og eru skemmtilegar í umgengni. Samt sem áður er það sorgleg staðreynd að júgurbólga, skert frjósemi og klaufsjúkdómar teljast enn þrjár algengustu ástæðurnar þegar aflífa þarf gripni á kúabúi. Hreinn flór heldur klaufum, júgrum og hölum hreinni og dregur úr uppkomu baktería. Þannig má draga verulega úr klauf- og júgursjúkdómum.

### Júgurheilbrigði

Júgurbólga er algengt heilsufarsvandamál og orsakast af bakteríum sem smjúga inn í júgrið og valda þar sýkingum. Hreinlæti er sérstaklega mikilvægt þegar kemur að því að hindra sýkingar. Hreinn flór hindrar að kýrnar flytji mykju með sér inn á básana. Þannig haldast bæði halar og júgur hreinni. Það dregur svo úr hættu á sýkingum.

### Frjósemi

Kýrnar eiga auðveldara með að hegða sér eðlilega og að vild þegar klaufir eru hreinar og heilbrigðar og flórinn verður ekki sleipur. Um leið verður auðveldara að greina kýr sem eru að beiða og þannig má stytta tímann fram að næsta burði.

### Heilbrigði klaufa

Til að kýrin geti hreyft sig eðlilega og hagað sér að vild, hvort sem það er að hvíla sig, éta, drekka eða fara að mjaltþjónum, er mikilvægt að klaufirnar séu heilbrigðar. Margir kúabændur vanmeta algengi klaufsýkinga hjá gripunum. Rannsóknir sýna að kúabændur greina aðeins 25% smitsjúkdóma í klaufum hjá hjörðinni (Jessica Fabian, 2012). Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að fæstir beita fullnægjandi forvarnarráðstöfunum. Áætlað er að 80% kúabúa eigi við verulegan vanda að etja vegna klaufsýkinga á meðalári. Slíkir kvillar geta gert kýrnar haltar og það veldur verulegu fjárhagslegu tjóni.

### Heilbrigðar klaufir minnka kostnað og tekjutap

Rannsóknir frá Cornell-háskóla hafa sýnt að 20% kúa á meðalkúabúi hafa skerta hreyfigetu og tapið sem af því leiðir getur numið tugum þúsunda á hverja kú. Fyrir vikið er heilbrigði klaufa á meðal þeirra þriggja kostnaðarliða sem valda mestu fjárhagslegu tjóni, en hinir eru júgurbólga og skert frjósemi. Þótt hluti þessa kostnaðar tengist meðhöndlun klaufanna er einnig um margs konar afleiddan kostnað að ræða. Þar á meðal má nefna skerta fangtíðni, aukinn dýralæknakostnað og tíðari endurnýjun í hjörðinni.

Kostnaður við förgun mjólkur  
Kostnaður við klaufsnyrtingu  
Dýralæknakostnaður  
Lyfjakostnaður

Kostnaður vegna vinnu

Kostnaður vegna biðtíma milli burða

Kostnaður vegna aflífunar gripa

Tap vegna skertrar nytar

### Meðalkostnaður tengdur klaufsjúkdómum nemur 9.500- kr. á ári á hverja kú

- Tap vegna skertrar nytjar nemur 5.600- kr.
- Kostnaður vegna aflífunar gripa nemur 1.500- kr.
- Kostnaður vegna biðtíma milli burða nemur 900- kr.
- Kostnaður vegna vinnu nemur 860- kr.
- Kostnaður við förgun mjólkur nemur 280- kr.
- Kostnaður við klaufsnyrtingu nemur 230- kr.
- Dýralæknakostnaður nemur 115- kr.
- Lyfjakostnaður nemur 100- kr.

„Þau gefa sér  
góðan tíma til  
að skýra allt  
mjög vel.“

Severin Batzill  
Schlier, Þýskalandi

# Samstarfsaðili við sjálfvirknivæðingu mjólkurframleiðslu á þínu svæði

Lely Center-þjónustumiðstöðin næst þér er traustur samstarfsaðili við sjálfvirknivæðingu mjólkurframleiðslu. Í gegnum árin hefur Lely komið sér upp víðtæku neti sérfræðinga sem nýta þekkingu sína með staðbundinni þekkingu. Markmið þeirra er að gera þér kleift að njóta alls þess sem Lely-búnaðurinn hefur upp á að bjóða.

## Hugarró

Hugarró skiptir sköpum fyrir þinn rekstur. Til að öðlast hugarró þarft þú að geta reitt þig á starfsfólkið þitt og búnaðinn og eiga traustan samstarfsaðila sem veitir þjónustu og upplýsingar. Það er gott að vita að fyrirtæki sem þú getur treyst framléiðir Lely Discovery.

## Vottaðir tæknimenn

Þú færð óskertan aðgang að löggiltum tæknimönnum Lely í gegnum Lely Center-þjónustumiðstöðina á þínu svæði. Þessir tæknimenn annast lýtalausa uppsetningu, stilla æskilegar leiðir og veita frábæra þjónustu sem tryggir þér langa og snurðulausa endingu búnaðar.

## Þekking og reynsla á hverjum stað

Þú getur einnig reitt þig á þekkingu, hjálp og stuðning frá ráðgjöfum í bústjórnunarþjónustunni hjá Lely Center-þjónustumiðstöðinni næst þér. Þessir ráðgjafar sjá til þess að Discovery sinni vel sínu hlutverki við að hámarka arðsemi og framleiðni á þínu búi.

## Kúabúskapur er okkur í blóð borinn

Margir starfsmanna Lely eru úr dreifbýli og hafa alist upp í sveitumhverfi. Þeir skilja hvernig búin virka og fá árlega þjálfun og taka próf, til að votta áskilda þekkingu og reynslu. Þeir bjóða jafnt áreiðanleika sem sérþekkingu og geta aðstoðað jafnt nýja sem gamla viðskiptavinum. Sérfræðingar á staðnum hafa aflað sér þekkingar og innsýnar með aðkomu að svipuðum verkefnum á þínu svæði og veita ráðgjöf sem byggir á nýjustu þekkingu.

## Reynsluboltar í sjálfvirkni í mjólkurframleiðslu

Lely er leiðandi á markaðnum þegar kemur að sjálfvirkni í mjólkurframleiðslu. Við höfum yfir 10 ára reynslu á sviði sjálfvirkrar hreinsunar í fjósum. Þessa þekkingu nýttum við þegar við þróuðum nýjustu kynslóðina af Discovery flórgoðunum.



## Discovery 90 S og SW

Að þrifa flórinn er erfið og tímafrek vinna, og ekki sérlega ánægjuleg heldur, og fyrr en varir þarf að endurtaka allt verkið. Hefðbundnar flórsköfur eru íþyngjandi fyrir reksturinn, þurfa mikið viðhald og ná ekki að hreinsa alla kimana. Þess vegna þróuðum við sjálfvirku flórsköfurnar Discovery 90 S og SW fyrir flóra með steinbitum.



### Full stjórn

Þótt það sé kominn flórgoði til starfa í fjósinu ert það þú sem stjórnar því hversu oft hann hreinsar og hvaða leiðir hann fer. Margir bændur kjósa að samstillja hreinsunartímann við fóðrun. Þannig er hægt að lágmarka truflun af flórgoðanum. Auk þess er hægt að velja að hreinsa oftari leiðir sem mikið mæðir á og tryggja þannig að flórinn sé ævinlega hreinn og þurr.

### Hvernig virkar þetta?

Discovery 90 sjálfvirkar flórsköfur eru knúnar rafhlöðum. Að uppsetningu lokinni forritar Lely þjónustumaður allar helstu leiðirnar í þínu fjósi. Þú tímastillir leiðirnar eftir eigin þörfum og óskum með því að nota snjallsímaforrit. Þegar Discovery hefur lokið leiðinni snýr tækið aftur í hleðslustöðina. Hver hreinsunarferð hefst einnig við hleðslustöðina.



### Snjöll hönnun

Lely Discovery 90 flórgoðinn heldur flórnum hreinum alla daga, allan sólarhringinn. Þessi alsjálfvirki þjarkur kemst inn í hvern krók og kima í fjósinu og hreinsar allt í hólf og gólf. Hringurinn að framan kemur í veg fyrir að skafan strandi og tryggir einnig rétta beiningu meðfram veggjum. Discovery 90 er nettur og lipur og kemst því undir öll hlið og grindur, svo enginn blettur í fjósinu verður út undan.

### Hvernig fer tækið ferða sinna?

Flórgoðinn styðst hvorki við keðjur, snúrur né skynjara undir eða inni í flórnum. Innbyggður úthljóðsskynjari tryggir að Discovery 90 fylgir forstilltri fjarlægð frá veggjum og grindum. Innbyggður áttaviti gerir Discovery 90 kleift að fylgjast með staðsetningu sinni öllum stundum.

### Vatnsúði gerir hreinsunina betri

Discovery 90 SW flórgoðinn er búin vatnsstút til að hreinsa flórinn enn betur. Við tiltekna aðstæður, svo sem þegar þurr er í lofti eða fáir gripir eru í fjósinu, eða í fjósum með breiðum göngum, getur þunnt lag af þurri mykju safnast upp á flórnum. Þetta þunna lag gerir flórinn sleipan. Með því að úða vatni á svæðið fyrir framan sköfuna verður flórinn hreinni og verður ekki sleipur.





## Discovery 120 Collector flórgoði

Það er tímafrekt að skafa upp mykju handvirkt og sköfur með keðjum og köðlum hafa ýmsa ókosti. Keðjur og trissur geta hindrað leiðina um gangana, biðsvæði eru ekki alltaf hreinsuð og í hvert sinn sem flórskafan fer hjá lenda klaufirnar á kafi í mykju. Þess vegna þróaði Lely nýjan flórgoða, Discovery 120 Collector; byltingarkennda, sjálfvirka flórsköfu sem er sérhönnuð fyrir hreinsun á gegnheilum flórum.



### Að soga upp mykju í stað þess að skafa

Collector flórgoðinn ýtir mykjunni ekki á undan sér heldur notar sogdælu til að safna mykjunni í innbyggðan mykjugeymi. Þannig verður hreinsunin mun betri en þegar hefðbundnar sköfur eru notaðar.



### Vatn til að hreinsa enn betur og bæta gripið

Discovery Collector flórgoðinn getur úðað vatni bæði fram fyrir og fyrir aftan sig. Vatnsúði fyrir framan sköfuna auðveldar uppsöfnun mykjunnar og með því að úða aftur fyrir sköfuna blotnar flórin og gripið verður betra.



### Engar hindranir og hámarks sveigjanleiki

Discovery Collector flórgoðinn fer hindrunarlaust allra sinna ferða, fyrir tilstilli innbyggðra skynjara. Auk þess þarf hvorki snúrur, trissur né upphækkaðar brautir, eins og fyrir hefðbundnar flórsköfur.

### Leiðsagnartækni

Einstök samvinna tveggja úthljóðsskynjara, áttavítans og háþróaðs hugbúnaðar tryggir að tækið fer hindrunarlaust rétta leið, í hvert sinn. Tækið getur fylgt forrituðum leiðum án þess að gera þurfi neinar breytingar í fjósinu.

### Stjórnad með snjallsíma

Þú getur notað forrit í snjallsímanum þínum til að stjórna Collector flórgoðanum. Lely Control forritið virkar þráðlaust gegnum Bluetooth, sem þýðir að hægt er að nota hvaða snjallsíma sem er í fjósinu til að stjórna flórgoðanum.



### Lipurð og léttleiki

Collector flórgoðinn er með beina framhlið til að geta hreinsað vandlegar í kringum horn. Að aftan er hún ávöl, en þannig er hægt að hámarka hreinsunarflötinn í beygjum. Þar sem flórgoðinn getur framkvæmt þessa aðgerð án þess að aka aftur á bak er mykjunni safnað upp að framan svo flórinn fyrir aftan verður hreinn og fínn.

### Upphaf leiðar

Collector flórgoðinn byrjar allar sínar ferðir við hleðslustöðina. Það er ekkert mál að laga leiðir og tímasetningar hreinsunaráætlunarinnar að daglegum takti á búinu og hjá kúnum.



### Áfylling vatns

Þegar kveikt er á vatnsúðakerfinu eður Collector flórgoðinn fyrst að vatnsáfyllingarstöðinni þar sem tækið fyllir vatnspokana tvo í mykjugeyminum. Þegar vatnspokarnir eru fullir fylgir Collector flórgoðinn leiðinni sem stillt hefur verið hverju sinni.

## Undirstöðuatriðin

Discovery 120 Collector flórgoðinn ýtir mykjunni ekki á undan sér heldur sogar hana upp í sig og sleppir henni í brunn í haughúsinu.

### Vatnsúðun

Stúturinn að framan úðar vatni til að leysa upp sleipt mykjulagið og hreinsa flórinn betur. Stúturinn að aftan úðar vatni sem heldur flórnum blautum og stömum. Þannig er komið í veg fyrir hraða uppsöfnun mykju. Þegar mykjugeymirinn fyllist minnkar rúmmál vatnspokanna og þannig myndast meira pláss fyrir mykju. Þetta gerir flórgoðann sérlega nettan. Kýrnar komast auðveldlega leiðar sinnar í kringum Collector flórgoðann og hann smýgur undir skilrúmin í fjósinu.



### Söfnun mykju

Sogdæla er tengd við tankinn sem myndar lofttæmi, en við það sogast mykjan upp úr flórnum. Þegar mykjugeymirinn er orðinn fullur slekkur skynjari efst í geyminum á sog- og vatnsdælunni. Lofttæmið í geyminum heldur mykjunni á sínum stað á meðan Collector flórgoðinn eður að brunnopinum.

### Mykjutæming

Þegar flórgoðinn kemur á tæmingarstöðina opnast loftloki sem losar um sögið. Það tekur aðeins tvær mínútur að sleppa allri mykjunni úr geyminum í brunninn. Loftlokinn tæmir einnig vatnspéttingu úr sogkerfinu. Þegar flórgoðinn fer frá safnþrónni lokast loftlokinn, sogkerfið og vatnsdælan fara aftur í gang og Discovery heldur áfram ferð sinni.



### Leið lokið

Hverri leið lýkur við hleðslustöðina og Collector flórgoðinn byrjar strax að hlaða sig, á meðan hann bíður eftir því að halda af stað í næstu áætluðu hreinsunarferð.

„Klaufirnar hafa aldrei verið  
svona hreinar og fínar.“

Etienne Simon  
Saint-Germainen-Coglès, Frakklandi

## Hreinni flór skilar sér í heilbrigðari kúm

Þú veist að hreindir flórar skilar sér í hreinni klaufum, minni mykju á básunum og hreinni hólum og júgrum. Og þú veist líka að aukið hreinlæti hindrar klauf- og júgursýkingar, og auðveldar kúnum að hegða sér eins og þeim er eðlilegast. Um leið verður auðveldara að greina beiðsli hjá kúnum. Hefðbundnar flórsköfur hafa ýmsa ókosti. Keðjur og trissur geta hindrað leiðina um gangana, biðsvæði eru ekki alltaf hreinsuð og í hvert sinn sem flórskafan fer hjá lenda fæturnir á kafi í mykju. Þess vegna þróaði Lely Discovery og Discovery Collector.

*Snjall búrekstur stendur þér til boða.*

**Hafðu hreinlætið á hreinu í samstarfi við  
Lely Center þjónustumiðstöðina þína**



Lely, Astronaut, Astri, Atlantis, C4C, Calm, Caltive, Capsule, Commodus, Compedes, Cosmix, Dairywise, Discovery, F4C, Graviton, Grazeway, Hubble, I-flow, InHerd, Juno, L4C, Lely Center, Lelywash, Luna, Nautilus, Orbiter, Quaress, Qwes, Shuttle, T4C, Vector, Viseo, Voyager og Walkway eru skráð vörumerki Lely Group.

Lely áskilur sér allan rétt á því er varðar vörumerki í eigu Lely. Öll óleyfileg notkun á einhverju vörumerki í eigu Lely, eða notkun á vörumerki sem er nægilega áþekkt vörumerkjum Lely til að valda hugsanlega ruglingi, eða er líklegt til að vera ruglað saman við vörumerki í eigu Lely, telst brot á einkarétti Lely. Allur réttur áskilinn.

Upplýsingar sem gefnar eru í þessu riti eru einungis settar fram í upplýsingaskyni og ber ekki að líta á þær sem sölutilboð.

Tilteknar vörur kunna að vera ófáanlegar í einstökum löndum og vörur frá birgjum kunna að vera aðrar en hér er sýnt. Óheimilt er að afrita eða gefa út rit þetta, að hluta eða í heild, og gildir það um prent, ljósrit, örfilmu eða hvers konar annað útgáfuform, án skriflegs leyfis Lely Holding S.à r.l. Þótt efni þessa rits hafi verið unnið eins vandlega og framast var unnt verður Lely ekki sótt til ábyrgðar vegna nokkurs þess tjóns eða skaða sem kann að verða vegna meintrar villu eða mistaka í þessu riti.

